


Umhverfisstofnun  
Áb. HB  
13 JAN. 2004  
Tilv. UST2004010065



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Kelduneshreppur  
Katrín Eymundsdóttir  
Austurgördum 2  
671 Kópasker

13. janúar 2004  
Tilvísun: UST2004010065/áb

Gljúfranefnd fjallaði um athugasemd við deiliskipulag í mynni Ásbyrgis sem send var inn af Kára Kristjánssyni í Ási II.

Kári gerir tvær athugasemdir varðandi deiliskipulagið. Í fyrri athugasemdinni segir hann að óheimilt sé samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 4471999 að heimila úthlutun lands þjóðgarða undir starfsemi einkaaðila, í þessu tilviki að heimila að golfklúbburinn fái land undir golfvöll.

Það er álit Gljúfranefndar og Umhverfisstofnunar að afnot af túnnum þ.e. þegar röskuðu landi undir golfvöll samræmist starfsemi þjóðgarðsins og sé ekki brot á lögum um náttúruvernd, enda með starfsemi golfvallar verið að auka útivistarmöguleika. Með því að færa til golfvöllinn frá núverandi stað er verið að auka svigrúm fyrir gesti við fyrirhugaða gestastofu án þess að vísa golfunnendum út úr þjóðgarðinum.

Seinni athugasemdin varðar það land á deiliskipulagi sem skilgreint er sem golfvöllur. Þar bendir Kári réttilega á hugsanlega hættu sem öðrum gestum þjóðgarðsins gæti stafað af golfvelli.

Gljúfranefnd og Umhverfisstofnun þakka ábendingar og munu tryggja með ákvæðum í samningi um golfvöllinn skýr ákvæði um reglur, siðareglur og umgengni um golfvöllinn til að koma í veg fyrir árekstra mismunandi útivistarhópa og koma í veg fyrir hættu sem stafað gæti af golfvöllinum.

Virðingarfyllt,

Árni Bragason  
forstöðumaður

Afrit: Kári Kristjánsson, Ási, 671 Kópasker  
Sigprúður Stella Jóhannsdóttir þjóðgarðsvörður, Ásbyrgi, 671 Kópasker